TIL BAKA

ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

**Nr. 34**

**2. árgangur**

**14.9.1995**


**I EES-STOFNANIR**

**1. EES-ráðið**

**2. Sameiginlega EES-nefndin**

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**95/EES/34/01** Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 71/95/COL frá 5. júlí 1995 um aðra breytingu á starfsreglum eftirlitsstofnunar EFTA ... 01

**95/EES/34/02** Birting á ákvörðunum aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum ... 02

**3. EFTA-dómstóllinn**

**95/EES/34/03** Dómur dómstólsins frá 16. júní 1995 í sameinuðum málum E-8/94 og E-9/94 (beiðni um ráðgefandi álit frá Markedsrådet): Forbrukerombudet gegn 1) Mattel Scandinavia A/S og 2) Lego Norge A/S ... 03

**95/EES/34/04** Dómur dómstólsins frá 20. júní 1995 í máli E-1/95 (beiðni um ráðgefandi álit frá Varbergs tingsrätt): Samuelsson gegn Svenska staten (sænska ríkinu) ... 03

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**95/EES/34/05** Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki ... 04

**95/EES/34/06** Ríkisaðstoð - Mál nr. C 16/95 - Þýskaland ... 05

**95/EES/34/07** Ríkisaðstoð - Mál nr. C 10/95 - Ítalía ... 05

**95/EES/34/08** Ríkisaðstoð - Mál nr. C 57/94 - Frakkland ... 05

ÍSLENSK útgáfa


95/EES/34/09 Ríkisaðstoð - Mál nr. C 6/95 - Þýskaland ..... 05

95/EES/34/10 Ríkisaðstoð - Mál nr. C 4/94, C 61/94, C 62/94, NN 2/95, NN 3/95 og N 467/95 - Þýskaland ..... 05

95/EES/34/11 *Ríkisaðstoð - Mál nr. C 44/93 - Ítalía* ..... 06

95/EES/34/12 Ríkisaðstoð - Mál nr. NN 56/94 og C 4/94 (ex NN 103/93) - Þýskaland ..... 06

95/EES/34/13 Ríkisaðstoð - Mál nr. N 59/94 - Ítalía ..... 06

95/EES/34/14 *Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu* 21. 8. til 28. 8. 1995 ..... 07

95/EES/34/15 Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir ..... 08

**3. Dómstóllinn**

95/EES/34/16 Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna ..... 09

95/EES/34/17 Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi ..... 11

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**95/EES/34/01**

### ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA nr. 71/95/COL frá 5. júlí 1995 um aðra breytingu á starfsreglum eftirlitsstofnunar EFTA([1])

**EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum 13. gr.,

með tilliti til starfsreglna eftirlitsstofnunar EFTA,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að gera ákveðnar breytingar á þessum starfsreglum.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**

1. Í stað fyrstu málsgreinar 2. gr. komi eftirfarandi:

   „Stjórnarráðið skal við opinber störf sín njóta aðstoðar fimm deilda, nánar tiltekið þriggja stjórnardeilda, lagadeildar og skrifstofu framkvæmdastjórnar og stjórnsýsludeildar".

2. Í stað orðsins „lögfræðideild" í annarri málsgrein 3. gr. komi „lagadeild og skrifstofa framkvæmdastjórnar".

3. Í fyrstu málsgrein 10. gr., annarri málsgrein 11. gr., fyrstu málsgrein 17. gr., fyrstu málsgrein 18. gr. og 19. gr. komi „deildarstjóri lagadeildar og skrifstofu framkvæmdastjórnar" í stað „stjórnarritari".

4. Í 21. gr. falli niður orðin „eða stjórnarritari" og orðin „og stjórnarritari ".

5. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1995.

6. Ákvörðun þessi, sem telst fullgild á ensku, skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 5. júlí 1995

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

*Knut Almestad*

forseti

([1]) Samþykkt af eftirlitsstofnuninni 7. janúar 1994, ákvörðun nr. 1/94/COL; Stjtíð. EB nr. L 113, 4. 5. 1994, bls. 19 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 6, 4. 5. 1994, eins og þeim var fyrst breytt með ákvörðun 18/95/COL frá 17. mars 1995; Stjtíð. EB nr. L 125, 8. 6. bls. 25 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 21, 8. 6. 1995.

ÍSLENSK útgáfa



**95/EES/34/02**

## Birting á ákvörðunum aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum(1)

ÍSLAND:

**Veiting flugrekstrarleyfa**

A-flokkur: Flugrekstrarleyfi án takmarkananna sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92

| Heiti flugfélags | Heimilisfang flugfélags | Hefur heimild til að flytja | Ákvörðun í gildi frá |
|---|---|---|---|
| Flugleiðir hf. | Reykjavíkurflugvöllur<br>101 Reykjavík,<br>ICELAND | farþega, póst, farm | 30.12.1994 |

B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92

| Heiti flugfélags | Heimilisfang flugfélags | Hefur heimild til að flytja | Ákvörðun í gildi frá |
|---|---|---|---|
| Flugfélagið Ernir hf. | Ísafjarðarflugvöllur<br>400 Ísafjörður,<br>ICELAND | farþega, póst, farm | 30.12.1994 |
| Íslandsflug hf. | Reykjavíkurflugvöllur<br>101 Reykjavík,<br>ICELAND | farþega, póst, farm | 30.12.1994 |
| Flugfélag Austurlands hf. | Egilsstaðarflugvöllur<br>700 Egilsstaðir,<br>ICELAND | farþega, póst, farm | 30.12.1994 |
| Flugfélag Norðurlands hf. | Akureyrarflugvöllur<br>600 Akureyri,<br>ICELAND | farþega, póst, farm | 30.12.1994 |

NOREGUR:

**Veiting flugrekstrarleyfis**

B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92

| Heiti flugfélags | Póstfang flugfélags | Hefur heimild til að flytja | Ákvörðun í gildi frá |
|---|---|---|---|
| H 5 Air Service Norway AS | Postboks 28<br>2060 Gardermoen | farþega, póst, farm | 19. 5. 1995 |

(1) Stjtíð. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.

## EFTA-DÓMSTÓLSINS

95/EES/34/03

## DÓMUR DÓMSTÓLSINS
## frá 16. júní 1995

### í sameinuðum málum E-8/94 og E-9/94 (beiðni um ráðgefandi álit frá Markedsrådet): Forbrukerombudet gegn 1) Mattel Scandinavia A/S og 2) Lego Norge A/S(1)

**(Mál dómtækt - frjáls þjónustustarfsemi - tilskipun ráðsins 89/552/EBE - sendiríkisreglan - sjónvarpsauglýsingar sem ætlað er að höfða til barna - sjónvarpsstöðvar/auglýsendur - lög sniðgengin - stýrðar auglýsingar - tilskipun ráðsins 84/450/EBE)**

(Tungumál samkvæmt 5. mgr. 27. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins: enska og norska)

Í málum E-8/94 og E-9/94: Beiðni um ráðgefandi álit dómstólsins samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá Markedsrådet (markaðsráðinu), Osló (Noregi) í tveimur málum sem eru rekin fyrir því milli Forbrukerombudet og 1) Mattel Scandinavia A/S, 2) Lego Norge A/S - varðandi túlkun á tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur, svo og 11., 13. og 36. gr. EES-samningsins - hefur dómstóllinn, skipaður Bjørn Haug forseta, Thór Vilhjálmssyni, Kurt Herndl, Sven Norberg (framsögumanni) og Gustav Bygglin, dómurum og Karin Hökborg, dómritara, kveðið upp dóm þann 16. júní 1995, og fer gildandi hluti hans hér á eftir:

Ákvæði 2. mgr. 2. gr. og 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur, sem er hluti af EES-samningnum, ber að skýra á þann veg að þau fyrirbyggi að bann sé lagt á auglýsanda, þar sem komið er í veg fyrir að hann birti auglýsingu í sjónvarpsdagskrá sjónvarpsstöðvar sem er stofnsett í öðru EES-ríki, ef það leiðir af almennu banni samkvæmt landslögum á auglýsingum sem sérstaklega er ætlað að höfða til barna.

## DÓMUR DÓMSTÓLSINS
## frá 20. júní 1995

95/EES/34/04

### í máli E-1/95 (beiðni um ráðgefandi álit frá Varbergs tingsrätt): Samuelsson gegn Svenska staten (sænska ríkinu)(2)

**(Mál dómtækt - tilskipun ráðsins 80/987/EBE - innlendar aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun - hlutfallsreglan)**

(Tungumál samkvæmt 5. mgr. 27. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins: enska og sænska)

Í máli E-1/95: Beiðni um ráðgefandi álit dómstólsins samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá Varbergs tingsrätt (héraðsdómi Varbergs), Svíþjóð í máli sem er rekið fyrir honum milli Ulf Samuelsson og sænska ríkisins - varðandi túlkun á tilskipun ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota, eins og henni var breytt með tilskipun ráðins 87/164/EBE frá 2. mars 1987 - hefur dómstóllinn, skipaður Bjørn Haug forseta, Thór Vilhjálmssyni, Kurt Herndl, Sven Norberg og Gustav Bygglin (framsögumanni), dómurum og Karin Hökborg, dómritara, kveðið upp dóm þann 20. júní 1995, og fer gildandi hluti hans hér á eftir:

Ákvæði a-liðar 10. gr. tilskipunar ráðsins 80/987/EBE frá 20. október 1980 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota ber að skýra á þann veg að það fyrirbyggi beitingu, sem ráðstöfun gegn misnotkun, á ákvæði landslaga þar sem kveðið er á um að launþegi eigi ekki rétt á greiðslu hafi hann á næstliðnum tveimur árum fyrir gjaldþrotaúrskurð þegið greiðslu úr ábyrgðarsjóði launa vegna launakröfu sem er að rekja til svo til sömu starfsemi.

(1) Stjtíð. EB nr. C 142, 8. 6. 1995, bls. 6 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 21, 8. 6. 1995, bls 7.
(2) Stjtíð. EB nr. C 398, 31. 12. 1994, bls. 19 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 59, 31. 12. 1994, bls 71.

ISLENSK útgáfa

# Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 95/EES/34/05
# Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Breska konungsríkið tilkynnti hvað varðar aðstoð í formi lána vegna fiskveiðiskipa og kvíaeldis, ríkisaðstoð nr. N 43/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 192, 26. 7. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn tilkynnti hvað varðar ráðstafanir til aðstoðar sjávarútvegi í þeim tilgangi að styrkja vísindalega og tæknilega möguleika fiskiðjuvera í Baskahéraði, ríkisaðstoð nr. N 334/B/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 192, 26. 7. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn tilkynnti hvað varðar ráðstafanir til aðstoðar sjávarútvegi í formi aðstoðar við uppbyggingu í sjávarútvegi og kvíaeldi, ríkisaðstoð nr. N 245/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 192, 26. 7. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Portúgal tilkynnti hvað varðar áætlun um endurbætur og þróun á starfsemi sem tengist sjávarútvegi, ríkisaðstoð nr. NN 51/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 192, 26. 7. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland tilkynnti hvað varðar ráðstafanir til aðstoðar fiskveiðum og kvíaeldi í ferskvatni, ríkisaðstoð nr. N 13/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 192, 26. 7. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland tilkynnti hvað varðar aðstoð vegna umbóta á vinnslu fiskafurða og markaðsuppbyggingu í sjávarútvegi, ríkisaðstoð nr. N 37/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 192, 26. 7. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn tilkynnti hvað varðar aðstoð vegna tímabundinnar stöðvunar á fiskveiðum, ríkisaðstoð nr. N 710/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr C 184, 18. 7. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun um almenna rammaáætlun um svæðaaðstoð á Ítalíu, ríkisaðstoð nr. N 40/95 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 184, 18. 7. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki fjárveitingu fyrir 1993 að upphæð 139 milljónir FF til nýskipunarfélags í stálsamstæðunni Sodie í þeim tilgangi að breyta framleiðsluháttum á stáliðjusvæðum, ríkisaðstoð nr. N 762/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 215, 19. 8. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki fjárveitingu fyrir 1994 að upphæð 162 milljónir FF til nýskipunarfélaganna Sofirem og Finorpa, í Charbonnages de France, í þeim tilgangi að koma upp nýjum iðnaði á námusvæðum, ríkisaðstoð nr. N 425/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 215, 19. 8. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki breytingum á reglunum um aðstoð sem veitt er í gegnum Sofirem til að koma upp nýjum iðnaði á svæðum þar sem kolaiðnaður er stundaður, ríkisaðstoð nr. N 758/94 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 215, 19. 8. 1995).

## Ríkisaðstoð Mál nr. C 16/95 Þýskaland

**95/EES/34/06**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem þýsk stjórnvöld hafa í hyggju að veita SKET Schwermaschinenbau Magdeburg GmbH (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 215, 19. 8.1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við þýsk stjórnvöld.

## Ríkisaðstoð Mál nr. C 10/95 Ítalía

**95/EES/34/07**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem ítölsk stjórnvöld hafa ákveðið að veita til aðstoðar sjávarútvegi (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 157, 23. 6.1995).

## Ríkisaðstoð Mál nr. C 57/94 Frakkland

**95/EES/34/08**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem frönsk stjórnvöld hafa í hyggju að veita til sjávarútvegsmála (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 184, 18. 7.1995).

## Ríkisaðstoð Mál nr. C 6/95 Þýskaland

**95/EES/34/09**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð í formi tryggingar sem sambandsríkið Neðra-Saxland hefur veitt á sviði sjávarútvegsmála (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 201, 5. 8.1995).

## Ríkisaðstoð Mál nr. C 4/94, C 61/94, C 62/94, NN 2/95, NN 3/95 og N 467/95 Þýskaland

**95/EES/34/10**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að útvíkka málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans og samþykkja að hluta til aðstoðina sem þýsk stjórnvöld hafa í hyggju að veita Sächsische Olefinwerke GmbH, Leuna-Werke GmbH og Buna GmbH (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 203, 8. 8.1995).

ÍSLENSK útgáfa



**Ríkisaðstoð** **95/EES/34/11**
**Mál nr. C 44/93**
**Ítalía**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem ítölsk stjórnvöld hafa ákveðið að veita til sjávarútvegsmála (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 215, 19. 8.1995).

**Ríkisaðstoð** **95/EES/34/12**
**Mál nr. NN 56/94 og C 4/94 (ex NN 103/93)**
**Þýskaland**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem þýsk stjórnvöld hafa í hyggju að veita Leuna-Werke GmbH, Leuna-Merseburg (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 227, 1. 9.1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð** **95/EES/34/13**
**Mál nr. N 59/94**
**Ítalía**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar sérstaka stjórnun á fyrirtækjum sem verða gjaldþrota vegna skyldu til að endurgreiða aðstoð sem samrýmist ekki 92. og 93. gr. EB-sáttmálans (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 220, 25. 8.1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með öðrum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

# Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 21. 8. til 28. 8. 1995 — 95/EES/34/14

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

| Kóði | Skráningarnúmer | Titill | Samþykkt af framkvæmdastjórninni | Sent til ráðsins þann | Blaðsíðufjöldi þann |
|---|---|---|---|---|---|
| COM(95) 346 | CB-CO-95-411-EN-C(1) | Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 68/360/EBE um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart launþegum aðildarríkjanna og fjölskyldum þeirra og tilskipun 73/148/EBE um afnám hafta á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart ríkisborgurum aðildarríkja að því er varðar staðfestu og þjónustustarfsemi | 12.7.1995 | 24.8.1995 | 27 |
| COM(95) 347 | CB-CO-95-412-EN-C | Tillaga að tilskipun ráðsins um að afnema eftirlit með einstaklingum sem fara yfir innri landamæri | 12.7.1995 | 24.8.1995 | 22 |
| COM(95) 348 | CB-CO-95-413-EN-C | Tillaga að tilskipun ráðsins um rétt ríkisborgara þriðju landa til að ferðast innan bandalagsins | 12.7.1995 | 24.8.1995 | 10 |

(1) „EN" vísar til enska COM-skjalsins.

ÍSLENSK útgáfa

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir 95/EES/34/15

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (*Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8*).

- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

| Tilvísun (¹) | Titill | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils(²) |
|---|---|---|
| **95-0200-D** | Önnur breyting á fyrirmælunum um uppsetningu lítilla miðstöðvarkatla | 12.10.1995 |
| **95-0202-F** | S 10-20 A og 3: kröfur um stjórnun símaumferðar um einkasímstöðvar | 16.10.1995 |
| **95-0203-F** | *SP-DGPT-ATAS-30: tæknileg reglugerð um* notendabúnað fyrir plesíókróníska örbylgjugeisla á tíðnisviðinu 13 gHz | 16.10.1995 |
| **95-0204-NL** | Samræmisforskrift fyrir fjarskiptabúnað SV 04-06: búnaður fyrir fastasamband sem er starfræktur á tíðnisviðinu 18 gHz | 19.10.1995 |
| **95-0205-NL** | Samræmisforskrift fyrir fjarskiptabúnað SV 04-05: búnaður fyrir fastasamband sem er starfræktur á tíðnisviðinu 23 gHz | 19.10.1995 |
| **95-0206-E** | Drög að konungsúrskurði um breytingu á konungsúrskurði 667-1987 frá 30. apríl um eiginleika og gæði jarðolíukox ásamt notkunarskilyrðum | 30.10.1995 |
| **95-0207-F** | B11 20A: snúrulausir símar - CTO | 19.10.1995 |
| **95-0208-FIN** | Ákvörðun ríkisráðsins um endurvinnslu og notkun úrgangspappírs | 25.10.1995 |
| **95-0209-DK** | Tæknileg reglugerð um björgunarbáta í höfnum | 26.10.1995 |
| (³) (⁴) | | |

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru *fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna* og *hefur skrá yfir* þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(¹) **Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.**

(²) **Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.**

(³) **Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.**

(⁴) **Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.**

# DÓMSTÓLLINN

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna(¹) 95/EES/34/16

Mál C-74/95 og C-129/95: Beiðnir um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Torino samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 10. mars 1995 og 18. apríl 1995 í sakamálum sem eru til meðferðar fyrir þeim dómstól gegn ónafngreindum aðilum.

Mál C-142/95 P: Máli áfrýjað af Associazione Agricoltori della Provincia di Rovigo, Cirillo Brena, Associazione Polesana Coltivatori Diretti di Rovigo og Consorzio Cooperative Pescatori del Polesine gegn fyrirmælum dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi frá 21. febrúar 1995 í máli T-117/94, Associazione Agricoltori della Provincia di Rovigo, Consorzio Cooperative Pescatori del Polesine, Cirillo Brena, Mauro Girello og Greguoldo Daniele gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-144/95: Beiðni um forúrskurð frá lögregludómstólnum í Toulouse samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 4. apríl 1995 í máli Ministère Public gegn Jean-Louis Maurin.

Mál C-150/95: Mál höfðað þann 12. maí 1995 af Lýðveldinu Portúgal gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-154/95, C-157/95, C-174/95, C-175/95 og C-176/95: Beiðnir um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Roma, Sezione Distaccata di Tivoli, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 25. mars 1995 (C-154/95), 3. apríl 1995 (C-157/95), 3. maí 1995 (C-174/95), 27. apríl 1995 (C-175/95) og 10. maí 1995 (C-176/95) í sakamálum sem eru til meðferðar fyrir þeim dómstól gegn Isidoro Narducci, Fulvio Smaldone, Siro Mattei, Bruno Belli og Armando Scrocca.

Mál C-155/95: Mál höfðað þann 17. maí 1995 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-156/95: Mál höfðað þann 17. maí 1995 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-158/95: Mál höfðað þann 22. maí 1995 af Sambandslýðveldinu Þýskalandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-159/95: Mál höfðað þann 22. maí 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-160/95: Mál höfðað þann 22. maí 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-161/95: Mál höfðað þann 22. maí 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-166/95 P: Máli áfrýjað þann 30. maí 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn dómnum sem kveðinn var upp þann 28. mars 1995 af þriðju deild dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-12/94 milli Frédéric Daffix og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-167/95: Beiðni um forúrskurð frá Gerechtshof, 's-Hertogenbosch samkvæmt dómi þess dómstóls frá 18. maí 1995 í máli M.J.M. Linthorst, K.G.P. Pouwels og J. Scheres c.s. gegn Inspecteur der Belastingsdienst/Ondernemingen te Roermond.

(¹) Sjá Stjtíð. EB nr. C 208, 12. 8. 1995.

ÍSLENSK útgáfa



Mál C-168/95: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Vicenza samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 22. apríl 1995 í sakamáli sem er til meðferðar fyrir þeim dómstól gegn Luciano Arcaro.

Mál C-169/95: Mál höfðað þann 1. júní 1995 af Konungsríkinu Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-170/95: Beiðni um forúrskurð frá Cour de Cassation, Belgíu (þriðju deild) samkvæmt dómi þess dómstóls frá 15. maí 1995 í máli Office National de l'Emploi gegn Calogero Spataro.

Mál C-171/95: Beiðni um forúrskurð frá Bundesverwaltungsgericht samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 11. apríl 1995 í máli Recep Tetik gegn sambandsríkinu Berlín. Meðalgönguaðili: Oberbundesanwalt beim Bundesverwaltungsgericht.

Mál C-173/95 P: Máli áfrýjað þann 3. júní 1995 af Anne Hogan gegn dómi dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi frá 29. mars 1995 í máli T-497/93, Anne Hogan gegn dómstól Evrópubandalaganna.

Mál C-177/95: Beiðni um forúrskurð frá Consiglio di Stato samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 11. apríl 1995 í máli 1) Ebony Maritime SA og 2) Loten Navigation Company Ltd gegn Prefetto della Provincia de Brindisi o. fl.

Mál C-179/95: Mál höfðað þann 9. júní 1995 af Konungsríkinu Spáni gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-180/95: Beiðni um forúrskurð frá Arbeitsgericht Hamburg samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 22. maí 1995 í máli Nils Draehmpaehl gegn Urania Immobilienservice ohG.

Mál C-181/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce de Nivelles samkvæmt dómi þess dómstóls frá 2. júní 1995 í máli Biogen Inc. gegn Smithkline Beecham Biologicals SA.

Mál C-182/95: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Hamburg samkvæmt dómi frá 19. maí 1995 í máli T. Port GmbH & Co gegn Hauptzollamt Hamburg-Jonas.

Mál C-183/95: Beiðni um forúrskurð frá College van Beroep voor het Bedrijfsleven samkvæmt dómi þess dómstóls frá 24. maí 1995 í máli Affish BV og Rijksdienst voor de Keuring van Vee en Vlees.

Mál C-185/95 P: Beiðni um áfrýjun lögð inn þann 14. júní 1995 af Baustahlgewebe GmbH gegn dómi dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrstu deild) frá 6. apríl 1995 í máli T-145/89, Baustahlgewebe GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-186/95 og C-187/95: Beiðnir um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Roma - Sezioni distaccate di Castelnuovo di Porto e di Tivoli samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 18. febrúar 1995 (C-186/95) og 27. febrúar 1995 (C-187/95) í sakamálum sem eru til meðferðar fyrir þeim dómstól á hendur Luciano Iommi o. fl., Angelo Deodati og Luchini Aldo.

Mál C-189/95: Beiðni um forúrskurð frá Landskrona Tingsrätt samkvæmt dómi frá 14. júní 1995 í máli ríkissaksóknara gegn Harry Franzén.

Mál C-190/95: Beiðni um forúrskurð frá Gerechtshof, Amsterdam, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 7. júní 1995 í máli ARO Lease BV gegn Inspecteur der Belastingdienst Grote Ondernemingen, Amsterdam.

Mál C-191/95: Mál höfðað þann 16. júní 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-192/95 til C-218/95: Beiðnir um forúrskurð frá Tribunal d'Instance, París VII, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 20. desember 1994 í málum Société Comateb o.fl. gegn Directeur Général des Douanes et Droits Indirects.

Mál C-219/95 P: Máli áfrýjað þann 14. júní 1995 af Ferriere Nord SpA, sem er stofnsett í Osoppo, Udine, gegn dómi dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi frá 6. apríl 1995 í máli T-143/89, Ferriere Nord SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-220/95: Beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank te Amsterdam samkvæmt dómi frá 14. júní 1995 í máli A.H.M. van den Boogaard gegn P.M. Laumen.

Mál C-221/95: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal du Travail de Tournai samkvæmt dómi þess dómstóls frá 6. júní 1995 í máli Institut National d'Assurances Sociales pour Travailleurs Indépendants (INASTI) gegn Claude Hervein og Herviller SA.

Mál C-222/95: Beiðni um forúrskurð frá Cour de Cassation (verslunar-, fjármála- og efnahagsdeild) í Frakklandi, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 13. júní 1995 í máli Parodi SCI gegn Bank H. Albert de Bary et Cie.

Mál C-230/95: Mál höfðað þann 3. júlí 1995 af ráði Evrópusambandsins gegn Evrópuþinginu.

## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi(¹) 95/EES/34/17

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 29. júní 1995 í máli T-30/91: Solvay SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - samstilltar aðgerðir - sakleysi áætlað - stjórnsýslumeðferð - réttur málsvarnar - jöfn tækifæri til að koma skoðunum á framfæri - aðgangur að málsskjölum).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 29. júní 1995 í máli T-31/91: Solvay SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - samningur um markaðsskiptingu - málsmeðferðarreglur framkvæmdastjórnarinnar - réttmæti löggildingar ákvörðunar sem samþykkt var af framkvæmdastjórninni).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 29. júní 1995 í máli T-32/91: Solvay SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - misnotkun yfirburðarstöðu - málsmeðferðarreglur framkvæmdastjórnarinnar - réttmæti löggildingar ákvörðunar sem samþykkt var af framkvæmdastjórninni).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 29. júní 1995 í máli T-36/91: Imperial Chemical Industries plc gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - samstilltar aðgerðir - sakleysi áætlað - stjórnsýslumeðferð - réttur málsvarnar - jöfn tækifæri til að koma skoðunum á framfæri - aðgangur að málsskjölum).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 29. júní 1995 í máli T-37/91: Imperial Chemical Industries plc gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - misnotkun yfirburðarstöðu - stjórnsýslumeðferð - réttur málsvarnar - jöfn tækifæri til að koma skoðunum á framfæri - aðgangur að málsskjölum - málsmeðferðarreglur framkvæmdastjórnarinnar - réttmæti löggildingar ákvörðunar sem samþykkt var af framkvæmdastjórninni).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. júní 1995 í máli T-7/93: Langnese-Iglo GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - samningar um einkakaup á rjómaís - hlutaðeigandi markaður - hugsanlegar markaðshindranir gagnvart þriðju aðilum - viðskipti milli aðildarríkjanna - stjórnsýslubréf - heildarundanþágur - lögmæti á að afturkalla undanþáguna - bann við gerð samninga um einkakaup í framtíðinni).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. júní 1995 í máli T-9/93: Schöller Lebensmittel GmbH & Co KG gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - samningar um einkakaup á rjómaís - hlutaðeigandi markaður - hugsanlegar markaðshindranir gagnvart þriðju aðilum - stjórnsýslubréf - samþykki - gildistími samninga - heildarundanþága - bann við gerð samninga um einkakaup í framtíðinni).

(¹) Sjá Stjtíð. EB nr. C 208, 12. 8. 1995.

ÍSLENSK útgáfa



Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 6. júlí 1995 í sameinuðum málum T-447/93, T-448/93 og T-449/93: Associazione Italiana Tecnico Economica del Cemento o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - leiðir til að ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis - viðurkenning á almennri áætlun - skilyrði um tilkynningu á einstökum málum - meðhöndlun einstakra mála innan bandalagsins - mat á efnahagsástandi).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. júní 1995 í máli T-459/93: Siemens SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - almenn aðstoð - endurgreiðsla aðstoðar - vextir - umsókn um heimild til að miðla málum tekin til greina).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 18. maí 1995 í máli T-478/93: Wafer Zoo Srl gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (sameiginleg stefna í landbúnaðarmálum - reglugerð ráðsins (EBE) nr. 866/90 um að bæta vinnsluaðstæður og markaðsskilyrði fyrir landbúnaðarvörur - ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/342/EBE um skilyrði sem farið er eftir við val á fjárfestingum sem studdar eru af bandalaginu - ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að hafna fjármögnunaráætlun - málshöfðun vegna ógildingar og skaðabótakröfur).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 6. *júlí 1995 í máli T-572/93:* Odigitria AAE gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ósamningsbundnar skuldbindingar - yfirsjón framkvæmdastjórnarinnar - tilviljunarkennd tengsl - mistök umsækjanda - skylda til að veita diplómatíska vernd).

*Dómur dómstólsins á* fyrsta dómstigi (þriðju deild) frá 27. júní 1995 í máli T-169/94: Pia Hifi Vertriebs GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (undirboðstollar - beiðni um ógildingu á ákvörðun um umsókn um endurgreiðslu).

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 27. júní 1995 í máli T-186/94: Guérin Automobiles gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - kvörtun - tilkynning samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 99/63/EBE - málshöfðun vegna vanrækslu framkvæmdastjórnarinnar - málshöfðun til ógildingar).

Fyrirmæli *dómstólsins á fyrsta dómstigi frá* 19. júní 1995 í málum T-43/91 DEP, T-44/91 DEP, T-51/91 DEP og T-52/91 DEP: Paul Edwin Hoyer og Carine Smets gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 7. júní 1995 í máli T-36/92 DEP: Syndicat français de l'Express international (S.F.E.I.) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-107/93, T-109/93, T-136/93, T-153/93, T-178/93, T-180/93, T-182/93, T-192/93, T-193/93, T-194/93, T-212/93, T-219/93, T-226/93, T-227/93- T-228/93, T-229/93, T-230/93, T-232/93, T-236/93, T-239/93 og *T-240/93 tekin af málaskrá: þessi mál varða eftirtalda aðila í sömu röð og hér að* framan: Christian Hansen, Liesa Thomsen, Herbert Sonnenberg, F. Steensen-Feddersen, H.-P. Fock, E. Ebsen, R.-D. Tetens, M. Hansen, H. Ketelsen, Ch. Jessen, H. Thomsen, H. Johannsen, J. Nielsen, T. Petersen, J.H. Sell, K. Friedrichsen, K. Ingwersen, J. Johannsen, P. Carstensen, P.A. Petersen og U. Dethlefsen gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-122/93 tekið af málaskrá: Franz-Joseph Kliemann gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Sameinuð mál T-144/93 og T-145/93 tekin af málaskrá: Ernst Theis og Karl Leonhäuser gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-197/93 tekið af málaskrá: Friedrich Bethke gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Sameinuð mál T-198/93, T-199/93, T-200/93 og T-204/93 tekin af málaskrá: Detlef Maack o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 8. júní 1995 í máli T-554/93: Mary Aharn og 588 aðrir gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-228/94 tekið af málaskrá: Anton Rusp gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-84/95: Mál höfðað þann 16. mars 1995 af René Bebin gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-93/95: Mál höfðað þann 17. mars 1995 af Bernard Laga gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-94/95: Mál höfðað þann 17. mars 1995 af Jean-Pierre Landuyt gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-103/95: Mál höfðað þann 11. apríl 1995 af Enosi Tsimentoviomichanion Ellados gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-104/95: Mál höfðað þann 12. apríl 1995 af Tsimenta Xalkidos AE gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-107/95: Mál höfðað þann 25. apríl 1995 af Benjamin Laurence Lay gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-108/95: Mál höfðað þann 25. apríl 1995 af Donald George Gage og David John Gage gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-112/95: Mál höfðað þann 8. maí 1995 af Peter Dethlefs og 38 aðrir gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-116/95: Mál höfðað þann 10. maí 1995 af Società Cementerie del Tirreno S.p.A gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-117/95: Mál höfðað þann 10. maí 1995 af N. Corman S.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-119/95: Mál höfðað þann 12. maí 1995 af Alfred Hauer gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-124/95: Mál höfðað þann 1. júní 1995 af Karl Fingerhut gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-126/95: Mál höfðað þann 5. júní 1995 af Dumez SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-127/95: Mál höfðað þann 5. júní 1995 af Société Auxiliaire d'Entreprises (SAE) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-128/95: Mál höfðað þann 3. júní 1995 af Aéroports des Paris (ADP) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-138/95: Mál höfðað þann 3. júlí 1995 af Friedrich Engelking gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.